

61. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 17. janúar 2005 í Ráðhúsinu. Mættir voru úr fræðslunefnd Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsóttir, Katrín Gísladóttir, Linda S. Sigurðardóttir, Ingveldur Eypórsdóttir, Eypór Benediktsson, aðstoðarskólastjóri, Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri, Þórheiður Gunnlaugsdóttir, fulltrúi foreldrafélags GSS, Unnur Breiðfjörð, fulltrúi kennara, Kristín Sigurðardóttir, fulltrúi starfsfólks í leikskóla, Guðrún Svana Pétursdóttir, fulltrúi foreldrafélags leikskóla og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund, bauð nýja fulltrúa velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

- a) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.
Fjárhagsáætlun fyrir síðasta ár stóðst ágætlega og er áætlun fyrir árið 2005 með svipuðu sniði.

71 barn er í leikskólanum núna, í 4-9 tíma vistun sem er svipað og verið hefur undanfarið og verður svipaður fjöldi áfram. Deildirnar eru fullar í augnablikinu miðað við barngildi og starfsmenn.

Virka daga á milli jóla og nýárs var opið skv. venju. Mikil forföll urðu á nemendum á milli jóla og nýárs sem kemur sér illa fyrir starfsemina svo sem hádegismat. Þetta fyrirkomulag verður skoðað fyrir næstu jól.

Nýr kjarasamningur hefur verið gerður við leikskólakennara og verða atkvæði um hann greidd fljótlega.

18. febrúar nk. verður starfsdagur og þá verður farið í skyndihjálparupprifjun og haldið áfram við skólanámskrágerð.

Skólastjóri minnti fundarmenn á heimasíðu leikskólans sem hefur verið mjög virk.

Greindi einnig frá undirbúningsvinnu að byggingu leikskóla og sýndi fundarmönnum tillögu C að teikningu nýs leikskóla eftir Guðrúnu Ingvarsdóttur. Byggingarnefndarteikningar eiga að vera tilbúnar 1. febrúar nk.

Fyrirspurn kom fram um fjárhagsáætlunarvinnu og greindi skólastjóri frá því að bæjarritari hefði komið mikið að gerð áætlunarinnar ásamt skólastjóra.

Formaður spurði um skyndihjálparnámskeiðið, það er Sólborg Olga Bjarnadóttir sem mun stýra því.

Ýmsar fyrirspurnir og umræður urðu um tilvonandi nýjan leikskóla.

- b) Eypór flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.
Dreifði hann nýju skóladagatali sem sett var upp þegar kennsla hófst aftur að afloknu verkfalli. Haustönn lýkur 28. janúar nk. Eiginlegir prófdagar eru ekki skilgreindir, námsmat fer fram á kennslutíma og verður vitnisburður afhentur í upphafi vorannar.
Samræmdu prófunum var frestað. Próf hjá 4. og 7. bekk verða 3. og 4. febrúar nk. og hjá 10. bekk frá 9.-18. maí.
Fyrirspurnir hafa borist skólastjóra og bæjarstjóra hvort eitthvað verði gert til að vinna upp þann kennslutíma sem tapaðist í verkfallinu. Engin formleg

ákvörðun hefur verið tekin en hjá 10. bekk hefur verið fundað um málin og verður unnið úr því á næstunni og tekin ákvörðun í framhaldinu.

Varðandi fjárhagsáætlun þá verður fækkun á kennslustundafjölda sem skýrist af því að í haust fækkar um eina bekkjardeild og fylgja því tilfærslur. Þetta þýðir einhverjar breytingar á starfsliði og er þegar farið að kortleggja starfsmannahald fyrir næsta vetur.

Varðandi mötuneyti þá hefur verið ákveðið að fara ekki af stað með það fyrr en í haust og þyrfti að kanna áhuga væntanlegra notenda með vorinu og átta sig á umfanginu og fara í undirbúningsvinnu.

Varðandi lóða- og húsnæðismál skólans þá ræddi hann að hugsanlega þyrfti að fara að huga að því að skipa starfshóp sem ynni að þessum málum.

Fyrirspurn kom fram um 10. bekk hvernig önnur sveitarfélög eru að bregðast við. Ýmsar umræður urðu um þessi mál.

2. Önnur mál.

- a) Formaður greindi frá bréfi frá Menntamálaráðuneytinu varðandi skipulag samræmdra prófa 2006.
- b) Formaður greindi frá viðbragðsáætlun sem hann fékk senda frá Reykhólaskóla.
- c) Fyrirspurn kom fram um fundardaga sem hafa verið óreglulegir í vetur. Skv. reglu eiga þeir að vera fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði en hafa riðlast í vetur t.d. vegna verkfalls.
- d) Fyrirspurn kom fram um Olweus verkefnið. Þetta er dæmi um verkefni sem þarf sífellt að vera í gangi.
- e) Rætt var áfram um yfirferð námsefnis fyrir samræmd próf hjá 10. bekk.
- f) Unnur greindi frá því að hjá henni byrjaði kennaranemi í dag sem á að vera í 5 vikur í verklegri kennslu, hefði átt að ljúka því í haust en það dróst vegna verkfalls.

Fundi slitið kl. 18.10

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.